



SÝSLUMENN

Beiðni um skilnað hjá sýslumanni

á grundvelli hjúskaparlaga nr. 31/1993

Eyðublað þetta er notað til að óska skilnaðar hjá sýslumanni og gera grein fyrir óskum sínum um skilnaðarskilmála. Í eyðublaðinu er spurt um afstöðu til þeirra atriða sem þarf að ákveða áður en skilnaður er veittur. Sýslumaður mun kynna skilnaðarkröfuna fyrir hinu hjónanna og bjóða aðilum viðtal eða viðtöl, sem geta verið með rafrænum hætti.

Mikilvægt er að skrá rétta og fulla kennitölu allra aðila, hjóna og barna.

Sá sem óskar skilnaðar:	Nafn:	Kennitala:		
	Netfang:	Sími:		
	Núverandi lögheimili:	Númer íbúðar:	Póstnúmer::	Staður:
	Lögheimili eftir útgáfu skilnaðarleyfis:	Númer íbúðar:	Póstnúmer:	Staður:

Æskilegt að fá þær upplýsingar um hitt hjóna, sem hér er óskað, en hafið reitina annars auða.

Sá sem ósk um skilnað beinist að:	Nafn:	Kennitala:		
	Netfang:	Sími:		
	Núverandi lögheimili:	Númer íbúðar:	Póstnúmer:	Staður:
	Lögheimili eftir útgáfu skilnaðarleyfis:	Númer íbúðar:	Póstnúmer:	Staður:

Mikilvægt er að skrá rétta og fulla kennitölu barna.

Sameiginleg börn undir 18 ára aldri. Einnig stjúpbörn annars sem kunna að vera í sameiginlegri forsjá hjónanna, samkvæmt staðfestum samningi.	Nafn:	Kennitala:		
	Nafn:	Kennitala:		
	Nafn:	Kennitala:		
	Nafn:	Kennitala:		
	Nafn:	Kennitala:		

Skilnaðarkrafa:

Óskað er skilnaðar að borði og sæng skv. 33. gr. hjúskaparlaga á grundvelli þess að við erum sammála um að fá skilnað að borði og sæng.

Óskað er skilnaðar að borði og sæng skv. 34. hjúskaparlaga, ég óska eftir skilnaði að borði og sæng frá maka mínum.

Óskað er eftir lögskilnaði skv. 39. gr. hjúskaparlaga, á grundvelli þess að maki hefur framið hjúskaparbrot.

Óskað er eftir lögskilnaði á grundvelli 37. gr. hjúskaparlaga á grundvelli þess að við höfum ekki búið saman í meira en eitt ár og viljum bæði lögskilnað vegna ósamlyndis.

Óskað er eftir lögskilnaði á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga, á grundvelli ofbeldis af hálfu maka míns.

Óskað er eftir lögskilnaði á grundvelli 43. gr. a., á grundvelli þess að við erum sammála um að fá lögskilnað.

Ég óska eftir að **forsjá og lögheimili** verði svo sem hér segir:

Forsjá barns / barna verði sameiginlega hjá foreldrum hjá mér hjá hinu foreldrinu

Lögheimili barns / barna verður hjá hjá mér hjá hinu foreldrinu

Ég hef ekki tekið afstöðu til forsjár og lögheimilis.

Framfærsla með barni / börnum. Báðir foreldrar eru framfærsluskyldir við börn sín. Sá sem er með lögheimili barns á rétt á meðlagi frá hinu foreldrinu. Einfalt meðlag er lágmarksmeðlag.

Ég samþykki að greiða meðlag með barninu / börnunum frá _____ til 18 ára aldurs.

Upphæð meðlags: einfalt meðlag eitt og hálf meðlag tvöfalt meðlag önnur upphæð: _____
með barninu / hverju barni frá _____ til 18 ára aldurs.

Ég óska eftir að fá meðlag með barninu / börnunum frá _____ til 18 ára aldurs.

Upphæð meðlags: einfalt meðlag eitt og hálf meðlag tvöfalt meðlag Önnur upphæð _____
með barninu / hverju barni frá _____ til 18 ára aldurs.

Ég hef ekki tekið afstöðu til meðlags.

Samkomulag er um framfærslu barnsins/barnanna án greiðslu meðlags.

Ef óskað er eftir að forsjá og lögheimili barna verði mismunandi, eða ef óskað er eftir að gera tímabundinn samning, þá gerið grein fyrir þeim óskum hér.

Fjárskipti: Hægt er að stofna til skilnaðarmáls hjá sýslumanni þó að ekki sé búið að gera fjárskiptasamning eða afla úrskurðar um opinber skipti. Ekki er hægt að ljúka skilnaðarmálinu með veitingu skilnaðarleyfa nema að samið hafi verið um fjárskipti, úrskurðað hafi verið um opinber skipti hjá héraðsdómi, eða bú hjónanna lýst eignalaust af þeim. Upplýsið hér um stöðu á fjárskiptum:

Fjárskiptasamningur er sendur inn með beiðninni.

Fjárskiptasamningur mun verða sendur sýslumanni þegar hann liggur fyrir.

Hvorugt okkar á eignir.

Hef ekki svar við þessu eins og er.

Lífeyrir og framfærslueyrir.

Hér er átt við greiðslu annars hjóna til framfærslu hins, sjá greinar 50. - 52.a í hjúskaparlögum 31/1993. Við skilnað þarf að taka afstöðu til þess hvort um slíkar greiðslur verður að ræða.

Ég fer ekki fram á lífeyri eða framfærslueyri frá maka mínum.

Ég fer fram á lífeyri að fjárhæð kr. _____ á mánuði í _____ mánuði frá _____ .

Ég hef ekki tekið afstöðu til lífeyris.

Sýslumaður mun eiga viðtal við aðila máls vegna erindis um skilnað. Í viðtalinu, sem er við lögfræðing, staðfestir aðili beiðni sína og eru veittar upplýsingar um réttaráhrif skilnaðar og þeirra samning sem gerðir eru um forsjá, lögheimili og meðlag, sem og um tiltæk úrræði ef ágreiningur kemur upp, þ.m.t. um sáttameðferð. Í viðtali er fjárskiptasamningur staðfestur ef við á. Viðtalið getur verið rafrænt.

Ég samþykki að viðtal við mig verði í gegnum síma eða myndsíma.
Ég vil koma á skrifstofuna í viðtal.
Ég samþykki að við verðum sameiginlega í viðtali.
Ég vil vera ein / einn í viðtalinu.
Lögmaður Aðstandandi Túlkur verður viðstaddur með mér.

Athugasemdir sem ég vil koma á framfæri:

Yfirlýsing:

Ég hef kynnt mér upplýsingar um skilnað.

Ef ágreiningur verður um forsjá eða lögheimili, óska ég eftir að fram fari sáttameðferð.

Óskað eftir að sýslumaður sendi tilkynningu um skilnaðinn og ný lögheimili okkar og barns/barna til Þjóðskrár Íslands til skráningar.

Dagsetning:

Nafn þess sem leggur fram beiðnina:

Beiðni um skilnað

Eyðublað þetta er fyrir þann sem óskar skilnaðar hjá sýslumanni. Viðtal þarf að eiga sér stað hjá sýslumanni við meðferð skilnaðarmáls og verður aðilum gefinn kostur á viðtali svo fljótt sem unnt er. Viðtalið getur verið rafrænt.

Vísað er á upplýsingar á vefsíðu sýslumanna www.syslumenn.is um skilnað að borði og sæng, lögskilnað, forsjá, lögheimili, meðlag, umgengni, sáttameðferð og fleira.